

1.2 TEXTÍL

TEXTI SKORINN Í TEXTÍLVÍNYL TIL AÐ PRESSA Á FLÍK



HVAÐ ÞARF:

- + INKSCAPE-FORRIT
- + VÍNYLSKERA
- + TEXTÍLVÍNYL
- + PLOKKTÓL
- + HITAPRESSU
- + EFNI/FLÍK



MYND AF TEIKNINGUNNI Í INKSCAPE


OPNAÐU INKSCAPE

AÐ HREYFA SIG INNI Í INKSCAPE

1. Að þysja (Zoom)
 - Haltu niðri **Ctrl** og skrollaðu nær eða fjær, það mun þysja að músinni þinni þannig hafðu músina þar sem þú vilt þysja að.
2. Að hreyfa sig inni í Inkscape
 - Haltu niðri milli músartakkanum (skrollinu) og dragðu músina til hliðar og upp og niður.



AÐ STILLA VINNUSVÆÐIÐ

1. Farðu í **File** og veldu **Document Properties**.
2. Stilltu mælieiningar í mm.
3. Stilltu breidd í 150 mm og hæð í 50 mm í **Custom size**.
4. Nú hefur kassinn á skjáborðinu breytt um stærð. Þá ertu búin að stilla vinnusvæðið þitt.



AÐ GERA TEXTA

1. Veldu **A**-merkið í valstikunni vinstra megin á skjánum.
2. Smelltu á skjáinn og skrifaðu texta.
3. Prófaðu mismunandi leturgerðir með **Font**.
4. Veldu þá leturgerð sem þér líst best á.



AÐ BREYTA STÆRÐ


1. Læstu hlutföllum myndarinnar með því að ýta á lásinn á milli stærðarstillinganna. Þá teygist formið ekki til.
2. Veldu músina til að breyta stærð textans þannig hann passi inn á vinnusvæðið.



AÐ SPEGLA TEXTA

Textílvínýl þarf alltaf að spegla svo hann pressist rétt á efnið.

1. Veldu textann.
2. Ýttu á flip **selected objects horizontally** (sjá á mynd).
3. Færðu textann aftur inná vinnusvæðið ef hann hefur færst til.







AÐ GERA SKURÐLÍNU

Skurðarlínur eiga alltaf að vera RAUÐAR og 0.020 mm.

1. Veldu myndina.
2. Farðu í **Object** og veldu **Fill and Stroke**.
3. Taktu **Fill** af með því að smella á **Fill** og ýta á **X**.
4. Farðu í **Stroke paint** og veldu **Flat color** og stilltu rauðan í fullt (255).
5. Farðu í **Stroke style** og stilltu á 0.020 mm.

Textinn gæti litið út fyrir að hafa horfið en ef þú þysjar inn sérðu að línur myndarinnar eru eingungis mjög mjóar.



AÐ VISTA VERKEFNIÐ

Ef þú ert í Fab Lab Reykjavík getur þú vistað myndina í möppu sem heitir Vinylcutter. Annars er gott að vista myndina á minnislykil.

1. Farðu í **File** og veldu **Save as**.
2. Veldu þá staðsetningu sem skjalið á að fara á.
3. Settu heiti verkefnis í File name.
4. Í Save as type er valið **.pdf**.
5. Ýttu á **Save**.
6. Þá opnast gluggi sem þú stillir svona:
7. Smelltu á **OK**.

